

Kennsluáætlun í stærðfræði fyrir 2. bekk

Haust 2021

Kennsluáætlun þessi tekur mið af hæfniviðmiðum sem fram koma í Aðalnámskrá Grunnskóla og skólanámskrá Grunnskóla Grindavíkur

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar. Kennarar eru: Karitas N. Viðarsdóttir, Sara H. Fawcett, Sigríður Guðmundsdóttir Hammer

VIKA	VIÐFANGSEFNI	EFNISTÖK	NÁMSEFNI	Markmið
<p>1 – 3</p> <p>24.08 – 10.09</p> <p>24. ágúst skólasetning/viðtöl</p>	<p>Upprifjun samlagning og frádráttur, tugur og eining. Tölur upp í 100. Flokkun í tugi, að telja yfir tug/tugi, röðun talna, heiti og ritun.</p> <p>Orðadæmi</p>	<p>Upprifjun á viðfangsefnum fyrra skólaárs.</p>	<p>Sproti 2a Verkefnahefti Ljósrituð gögn Hlutbundin gögn ofl.</p>	<p>Þekki tugi og einingar Geti skipt tveggja stafa tölu í tug og einingar Geti sameinað tug og einingar í tveggja stafa tölu Geti lagt saman tveggja stafa tölur Geti dregið frá tveggja stafa tölur Geti talið, raðað, lesið og skrifað tölur upp í 100 Þekki tákn fyrir samlagningu, frádrátt og jöfnuð Þekki táknin fyrir stærra en og minna en</p> <p>Námsmat: Staðan tekin á verkefnum nemenda</p>
<p>4-6</p> <p>13.09 – 01.10</p> <p>24.september starfsdagur</p>	<p>Reikniaðgerðir 1 Samlagning og frádráttur með eins og tveggja stafa tölum. Tugir og einingar. Reikniaðferðir.</p> <p>Orðadæmi</p> <p>Nemendur vinna með peninga í tengslum við samlagningu og frádrátt.</p>	<p>Aðgerðir við samlagningu og frádrátt. Að setja saman og skipta tölum í tugi og einingar. Nemendur fá tækifæri til að þróa með sér hagkvæmar aðferðir í hugarreikningi. Að skipta peningaupphæðum í tíukrónupening og krónupeninga.</p>	<p>Sproti 2a Verkefnahefti Ljósritað efni Hlutbundin gögn ofl. Bankaleikur Búðaleikur Peningaspil Kennslupeningar</p>	<p>Þekki tugi og einingar og átti sig á að talnahúsið stækkar og samhengið innan þess Geti lagt saman tveggja stafa tölur Geti dregið frá tveggja stafa tölur Getur leyst einföld orðadæmi Geti fundið duldar tölur Geti talið peninga og skráð viðkomandi upphæð Viti hvað talnalína er Viti hvernig merkja á tölur á talnalínu</p> <p>Námsmat: Könnun – tugir og einingar, samlagning og frádráttur.</p>

<p>7-9</p> <p>4.10-22.10</p> <p>13.-15. október Uppbyggingadagar</p> <p>19.-20. okt Vetrarfrí</p>	<p>Tími – heiti mánaða og röð þeirra, árstíðir, vikudagar og klukka.</p>	<p>Nemendur læri hugtök sem lýsa tíma eins og mánuði, árstíðir og vikudaga. Þeir læra einnig að lesa heila og hálfa tíma af hefðbundinni klukku.</p>	<p>Sproti 2a</p> <p>Verkefnahefti</p> <p>Ljósritað efni</p> <p>Hlutbundin gögn ofl</p>	<p>Þekki heiti og röð mánaða</p> <p>Viti hve margir mánuðir eru í einu ári</p> <p>Viti hvernig árið skiptist í árstíðir</p> <p>Þekki heiti og röð vikudaga</p> <p>Viti hve margir dagar eru í einni viku</p> <p>Kynnist því hvernig sólahringurinn skiptist í 24 klst.</p> <p>Geti sagt til um heila og hálfa tímann á klukku</p> <p>Námsmat: Könnun lögð fyrir nemendur úr námsefni tengdu tíma.</p>
<p>10-13</p> <p>25. 10 – 12.11</p> <p>28. Okt</p> <p>Samskiptadagur</p>	<p>Tvöfalt meira – helmingi minna. Sléttar tölur og oddatölur. Að tvöfalda og helminga fjölda. Að tvöfalda og helminga ýmislegt tengt daglegu lífi. Að geta skipt í tvo jafna hluta.</p> <p>Kynnist 0*, 1* og 2* töflunum.</p> <p>Orðadæmi</p>	<p>Nemendur læra um hugtökin að helminga og tvöfalda. Kennsla fer fram í tengslum við fjölda, lengd, peningaupphæðir og stærðir. Hugtakið helminga tengist einnig samhverfu. Þekki sléttar- og oddatölur. Nemendur skoði fjölda og kanni hvort hægt sé að skipta í tvo jafna hluta. Grunnur lagður að margföldun og deilingu.</p>	<p>Sproti 2b</p> <p>Verkefnahefti</p> <p>Ljósrituð gögn</p> <p>Hlutbundin gögn ofl.</p>	<p>Geti tvöfaldað fjölda</p> <p>Geti helmingað fjölda</p> <p>Vinni með og læri um hugtakið sléttar tölur</p> <p>Vinni með og læri um hugtakið odda tölur</p> <p>Kynnist 0* töflunni</p> <p>Kynnist 1* töflunni</p> <p>Kynnist 2* töflunni</p> <p>Námsmat: Könnun – sléttar tölur og oddatölur, helmingi minna og tvöfalt meira.</p>

<p>14-15</p> <p>15.11 – 3.12</p> <p>19. nóv Starfsdagur</p> <p>1.des fullveldisdagur</p>	<p>Flatarmál og ummál. Að mæla fleti og ummál með ýmsum óstöðluðum mælieiningum. Að bera saman stærð flata og ummál. Að finna flatarmál og ummál með því að telja rétt. Að finna flatarmál og ummál með rúðuneti. Að mæla hluti með reglustiku, málbandi og öðrum mælitækjum bæði sentimetra og metra.</p>	<p>Nemendur læra að bera saman stærð flata, einkum með því að mæla þá með óstöðluðum mælieiningum. Þeir læra að tilgreina stærð með tölum og mælieiningum, t.d. „20 reitir“. Þeir munu einnig læra að mismunandi hlutir eða myndir geta haft sama flatarmál. Nemendur læri að nýta sér reglustiku og málbönd svo og önnur mælitæki til að mæla sm og m.</p>	<p>Sproti 2b Hlutbundið efni Efni frá kennara</p>	<p>Hæfniviðmið: Getur fundið flatarmál marghyrninga með því að telja rúður eða reiti Getur fundið ummál marghyrninga með því að telja rúður og reiti. Námsmat: Könnun – flatarmál Verkefni – ummál og mælingar með reglustiku/málbandi</p>
<p>16-17</p> <p>6.12 – 17.12</p> <p>18.des Jólahátíð yngsta stigs</p>	<p>Jólastærðfræði</p> <p>Unnið með viðfangsefni vetrarins á fjölbreyttan hátt</p>		<p>Sproti 2b Verkefnahefti Ljósrituð gögn Hlutbundin gögn ofl.</p>	<p>Námsmati lokið</p>

Námsmat:

Námsmat: Kennari notar sérstaka námsmatskvarða við mat á nemendum. Námsmatskvarðinn er símatskvarði sem kennari vinnur jafnóðum yfir skólaárið. Til grundvallar eru lagðar stærri og smærri kannanir, sjálfsmat nemenda, jafningjamat og verkefni. Kvarðinn er unninn út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá Grunnskóla. Að vori fá nemendur vitnisburð, í honum er nemendum gefin einkunn með bókstöfum.

P= 0%-49%

N= 50%-74%

G= 75%-100%

Lykilhæfni er hluti af námsmati sem afhent er við annarlok.

Markmið sem unnið er með allt árið:

- Geti notfært sér ýmiss gögn eins og smáhlutasöfn, vasareikni, talnagrindur, peninga og fleira.
- Geti tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Geti leyst viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga sína og venjist því að ræða við þá um verkefni.
- Geti leyst einföld orðadæmi.

- Þjálfist í að setja fram tilgátur og spurningar sem hægt er að rannsaka og svara með því að nota stærðfræðipækkingu sína.
- Geti leyst verkefni sem varða daglegt líf.
- Geti kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum.
- Geti lesið og rætt um einfaldar upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Geti undirbúið og flutt stutta kynningu á eigin vinnu með stærðfræði.

Reglulega er farið yfir mánuði, mánaðardaga og vikudaga. Heilu og hálfu tímarnir skoðaðir.

Unnið verður með svæði allt skólaárið, stöðvar sem tengjast stærðfræðinni eru:

- Stærðfræðilæsi þar sem unnið er með orðadæmi á fjölbreyttan hátt
- Reikniaðgerðir þar sem unnið er með talnaskilning, tölur og reikniaðgerðirnar.
- Stærðfræðisvæði þar sem unnið er með aðra þætti stærðfræðinnar t.d. form, mynstur, tíma, mælingar og fleira.
- Rökhugsun þar sem unnið er með þrautir og aðra þætti sem efla rökhugsun nemenda.